

Lög

**um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um innlásdeildir og hæfisskilyrði
stjórnarmanna og framkvæmdastjóra samvinnufélaga.**

I. KAFLI

**Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991,
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. gr. a laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Kjörgengir eru félagsmenn. Ef félag eða stofnun er aðili að samvinnufélagi eru stjórnarmenn og framkvæmdastjórar kjörgengir.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo sem lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og tryggingagjald. Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar hafi skulu þeir upplýsa samvinnufélagaskrá um það. Samvinnufélagaskrá hefur heimild til að afskrá stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem missa hafi sem slíkir.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum fellur brott.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi,
nr. 87/1998, með síðari breytingum.**

4. gr.

11. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi,
nr. 99/1999, með síðari breytingum.**

5. gr.

10. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum,
nr. 37/2016, með síðari breytingum.**

6. gr.

4. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: *Innlánsstofnun*: Viðskiptabankar og sparisjóðir.

V. KAFLI

**Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur,
nr. 94/1996, með síðari breytingum.**

7. gr.

Í stað orðanna „bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga“ í 1. málsl.
1. tölul. 4. gr. laganna kemur: bönkum og sparisjóðum.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga“ í 1. málsl.
1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: bönkum og sparisjóðum.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðanna „bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum“ í 6. málsl. 2. mgr. 4. gr.
laganna kemur: bönkum og sparisjóðum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 7. maí 2020.